



F U N D A R G E R ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 14. september 2020 kl. 16:00 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Kristinn Jónasson, formaður, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Finnbogi Leifsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Karitas Jónsdóttir, og Sævar Jónsson Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Unnur Þóra Sigurðardóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar 12. ágúst 2020.

Lögð fram og samþykkt.

2. Fundargerð eigendafundar 7. september 2020

lögð fram.

3. Ráðning ráðgjafa sbr. bókun eigendafundar.

„Hluthafafundur Sorpurðunar Vesturlands haldin 07.09 2020 samþykkir að fela stjórn Sorpurðunar Vesturlands hf. að vinna langtímastefnu fyrir sorpmál á Vesturlandi. Stefnan nái til næstu 12 ára eða lengur.

Stefnan skal unnin í ljósi þarfagreiningar allra sveitarfélaga sem eru aðilar að Sorpurðun Vesturlands hf. Þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn fyrirtækisins tilnefna hvert um sig einn fulltrúa til samráðs til að taka þátt í stefnumótunarvinnunni með stjórn.

Staðfesta skal stefnuna á hluthafafundi í Sorpurðun Vesturlands hf., að undangenginni kynningu fyrir eigendum, þegar hún liggur fyrir.”

Lagt til að gengið verði til samninga við Teit Gunnarsson hjá Mannviti um að koma sem ráðgjafi að verkefninu. Samþykkt einróma og framkvæmdastjóra falið að ræða við Teit um frekari útfærslu.

4. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri fór yfir það magn sem urðað hefur verið í Fíflholtum í ár, tímabilið janúar til ágúst. Alls hafa borist 10.998 tonn sem er 532 tonnum minna en á sama tíma árið 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritari: HBJ